



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 3 starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 10. desember 2013 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Fundarstaður: Kirkju- og menningarmiðstöðin, Eskifirði.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Jón Björn Hákonarson, Unnur Björgvinsdóttir, Bárður Jónasson og Gauti Jóhannesson.

Þá sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð, og Karl Sölvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundar SSA dags. 31. október 2013. Fundargerðin samþykkt.
- b) Framkvæmdaráðs SSA dags. 26. nóvember 2013. Fundargerðin samþykkt.
- c) Stjórnar Haust 113. Fundur. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar FV dags. 22. nóvember, ásamt samþykktum fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga. Lagt fram til kynningar.
- e) Stjórnar SSV dags. 11. nóvember og 22. nóvember 2013. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
- f) Stjórnar Eyþings 247. 248. og 249. Fundar. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
- g) Stjórnar SASS 473. Fundur, ásamt samþykktum SASS. Lagt fram til kynningar.
- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 809. og 810. Fundar. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
- i) Samgöngunefndar SSA dags. 28. nóvember 2013. Fundargerðin staðfest. Stjórnin SSA ítrekar eftirfarandi samþykkt aðalfundar SSA 2013 um ferjumál:

„Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 telur mikilvægt að sveitarfélög í fjórðungnum vinni saman að markaðsetningu og móttöku skemmtiferðaskipa og tryggi um leið að kröftunum verði ekki dreift of víða. Mikilvægt er að nýta uppbyggingu ferjuhafnar á Seyðisfirði og byggja undir reynslu og þekkingu sem þar hefur skapast á móttöku ferju og skemmtiferðaskipa með því að markaðssetja aðstöðuna sem helstu ferju- og skemmtiferðaskipahöfn Austurlands.“

Fulltrúa sveitarstjórnarmála falið að koma samþykktinni á framfæri við stjórn Smyril-Line.

2. Umsagnir um frumvörp/þingsályktunartillögur:

- a) Um stjórn fiskveiða, 153. mál. Stjórnin samþykkti að nýta ekki umsagnarréttinn.
- b) Um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 14. mál. Stjórn SSA tekur undir það meginsjónarmið sem kemur fram í þingsályktunartillögunni að sveitarfélög eigi að njóta hlutdeildar í tekjum af auðlindum s.s. tekjum af orkuauðlindum og veiðileyfagjöldum.

3. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands:

- a) Samningur um Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands. Fyrir liggja svör frá sex sveitarfélögum um aðild að nýjum sjóði sem taka á til starfa um nk. áramót.

4. Almenningsamgöngur

- a) Tillaga frá Eyþing um uppgjör á leið 56. Um er að ræða breytingu á uppgjöri sem kynnt var á síðasta fundi stjórnar. Breytingarnar voru kynntar fyrir Ástu Kristínu Sigurjónsdóttur og Ólafi Áka Ragnarssyni á fundi með fulltrúum Eyþings á Húsavík þann 19. nóvember. Stjórn SSA samþykkti að standa við bókun sem gerð var á fundi 31. október varðandi greiðslur SSA vegna leiðar 56.
- b) Dómur Hæstaréttar frá 28. nóvember 2013. Farið var yfir dóm Hæstaréttar um mál SSA gegn Sternu. Stjórnin samþykkti að fela framkvæmdaráði að stíga næstu skref í hagsmunagæslu fyrir sambandið í málinu.

5. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Innanríkisráðherra sem þakkar fyrir góðar móttökur og upplýsandi umræður á fundum sem hún átti á Austurlandi með fulltrúum sveitarstjórna á svæðinu.
- b) Kynnt var bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir sjóðinn á árinu 2014. Áætlunin gerir ráð fyrir að kr. 22,6 milljónir komi í hlut hvers landshluta.
- c) Bæjarstjórn Fljótshálsa bókaði á fundi sínum þann 6. nóvember sl. að tekið verði til umræðu í stjórn SSA að koma upp beinagrind að gæðastjórnunarkerfi fyrir byggingarfulltrúa sem sveitarfélög á Austurlandi geti gert að sínu hvert fyrir sig. Í byggingarreglugerð segir að byggingarfulltrúar hafi frest til 1. janúar 2018 til að afla sér faggildingar í samræmi við kafla 3.2 og fyrir 1. janúar 2015 skulu Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Stjórnin samþykkti að skoða málið frekar á nýju ári.
- d) Bæjarstjórn Seyðisfjarðar varðandi ályktun um ferju- og skemmtiferðaskipasiglingar. Vísað er til liðar h í lið 1. í þessari fundargerð.



- e) Snorraverkefni þar sem óskað er eftir styrk til verkefnisins. Stjórnin sá sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.
- f) Stígamótum þar sem óskað er eftir samstarfi um rekstur samtakana. Stjórnin ákvað að verða ekki við beiðni samtakanna.

6. Önnur mál:

- a) Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdarstjóri Austurbrúar fór yfir starfsemi Austurbrúar árið 2013, sóknaráætlunarverkefnið og fleira.
- b) Kynnt var úttekt á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013, unnin af Capacent. Stjórn SSA þakkar menningarfulltrúa og menningarráði fyrir vel unnin störf í þágu menningar og lista á Austurlandi og óskar viðkomandi til hamingju með glæsilegan árangur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 15:40
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.